

Aðalfundur ÍTF 12. febrúar 2025 kl 17:00 haldinn í höfuðstöðvum Deloitte

1. Aðalfundur settur

Orrí Hlöðversson formaður setur fundinn kl 17.10 og bauð gesti velkomna. Orrí gerir það að tillögu sinni að Stefán Geir Þórisson væri kosinn fundarstjóri og Sævar Pétursson væri kosinn fundarritari. Tillagan samþykkt samhljóða og að því loknu tók Stefán Geir við stjórn fundarins og gengið var til hefðbundinnar dagskráar samkvæmt samþykktum ÍTF.

2. Staðfesting á lögmati fundarins og kosning kjörbréfanefndar.

Stefán byrjaði á því að staðfesta lögmati fundarsins sem er löglega boðaður með tölvupósti þann 24.01.2025. Að því loknu leggur fundarstjóri fram tillögu um kosningu kjörbréfanefndar sem eru Flosi Eiríksson og Baldur Már Bragason. Tillagan samþykkt og kjörbréfanefnd hefur störf.

3. Skýrsla stjórnar ÍTF

Fundarstjóri gaf næst formanni ÍTF, Orra, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar.

„Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Ég býð ykkur öll velkomin til aðalfundar Íslensks Toppfótbolta árið 2025 þar sem við gerum upp liðið rekstrarár. Stjórn ÍTF hélt alls 8 formlega stjórnarfundum á liðnu rekstrarári.

Rekstur ÍTF gekk sinn vanagang árið 2024. Starfsemin gengur að miklum hluta í dag út á að fylgja eftir samningum sem tóku gildi árið 2022 um birtingar- og veðmálarétti leikja efstu deilda karla og kvenna hér á landi ásamt sýningarrétti erlendis. Undan þeim samningum hafa síðan orðið til ýmsar afurðir og verkefni eins og kynnt hefur verið.

Mig langar að varpa hér upp nokkrum glærum með helstu verkefnum stjórnar og skrifstofu ÍTF á síðastliðnu ári.

- Markaðstekjur ÍTF komnar yfir 100 m.kr á ári.
- Nýr aðal samstarfsaðili kominn inn í stað Nóa - Hertz. Búið að endursemjja við aðra samstarfsaðila.
- Óveruleg aukning á áhorfendafjölda á milli ára. Samkeppni við TV.
- Góð mæting á völlinn fram eftir sumri en dalaði svo. 41% svarenda í könnun Gallup nefna veðrið sem ástæðu. 100% hækkun á milli ára á áhrifum veðurs á mætingu á völlinn.
- Góð virkni á samfélagsmiðlum. 600 þús áhorf/mán á Instagram videoin sem við gerðum. Mál sem var rætt sérstaklega á síðasta aðalfundi ÍTF.

- Félögin í Bestu deild karla sömdu við Goal unit - stefnumótandi hugbúnaður varðandi samsetningu leikmannahóps - fyrir milligöngu ÍTF, á að auka söluverðmæti leikmanna.
- Verkefnið með sænsku deildinni varðandi veðmálfíkn. Unnið að innleiðingu á komandi ári.
- Fréttabréfið gefið út reglulega og ný heimasíða ÍTF í loftið.
- Fótboltamyndirnar endurvaktar í fyrsta skipti í 10 ár, fyrsta og eina deildin sem blandar körlum og konum saman í pakka.
- TV grafík í útliti Bestu deildarinnar leit dagsins ljós sem við keyrðum í gegn.
- Tókum yfir Media Hub og riftum samningi við OZ
- Stærsta útsending frá íþróttaviðburði hjá stöð2 sport í úrslitaleik Bestu deildar karla. Sama á við um úrslitaleik Bestu deild kvenna.
- TV réttur seldur í fyrsta skiptið í Lengjudeild karla
- Breytingar á samstöðubótum UEFA – unnið í samstarfi við European Leagues
- Framkvæmdastjóri ÍTF í starfshópi EL um verkefnið. Hækkun úr 1.m€ í tæpar 2,8m€ til félaga í Bestu deild karla.
- Genius Sports óskaði eftir samtali varðandi endurnýjun á núverandi samningi – mikil ánægja með samstarfið. Óformlegar viðræður hafnar á milli aðila.
- Fókus á skattamál íþróttahreyfingarinnar. Samstöðufundur með félögum úr körfu- og handknattleiksdeildinni. Mikil samstaða og koma þau inn í starfshóp ÍTF ásamt Deloitte. Mikilvægt verkefni fyrir íþróttahreyfinguna.

Að lokum þá vil ég draga saman stóru myndina. Hvað hefur gerst á síðustu 4 árum og hverjar eru breytingarnar frá því að við komum inn í stjórn ÍTF.

- Besta deildin stofnuð – lengra tímabil, fleiri leikir, framfarir og íslensk knattspyrna á betri stað en hún var. Vörumerkjavitund strax á fyrsta ári fór upp í 71% - erum í 87% í dag
- Sjónvarps og veðmálaréttur – leikbreytir er varðar tekjur hér á landi
- Framlög til aðildarfélaganna 2022 - 2026 verða rúmlega 1,5 milljarður eftir kostnað
- Mikil gagnaöflun um íslenskan fótbolta sem er í eign félaganna, media hub geymir allt efni miðlægt.
- Beinir útsendingar frá öllum leikjum í Bestu deild karla og kvenna
- Lengjudeild karla framleidd í fyrsta skiptið, allir leikir sýndir og greitt fyrir sjónvarpsrétt. Úrslitaleikur Lengjudeildarinnar búin að festa sig í sessi og er orðinn einn stærsti leikur ársins.
- Öflug tengsl við heildarsamtök deildasamtaka í Evrópu skipta miklu máli - European Leagues

- Vægi ÍTF sem hagsmunasamtök fyrir efsta lagið í íslenskum fótbolta hefur sannað sig
- Uppsöfnuð þekking starfsmanna, öflugur rekstur skrifstofu með hátt þjónustustig

Að lokum þá vil ég segja þetta. Hlutverk ÍTF er óumdeilt í knattspyrnuhreyfingunni og er mikilvægt að hafa deildarsamtök sem halda skýrum fókusi á verkefni félaganna. Ég vil því hvetja félögin til þess að styðja við starf ÍTF.

Ég vil þakka núverandi stjórnarmönnum og starfsmönnum kærlega fyrir samstarfið. Þetta hafa verið afar ánægjuleg 4 ár og vil ég óska nýrri stjórn velfarnaðar.

Takk fyrir mig.”

4. Niðurstöður kjörbréfanefndar

Flosi Eiríksson tók næstur til máls og kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. Mættir eru 17 fulltrúar af 25 fulltrúum sem gera um 68% kjörsókn. Fundurinn telst því vera ályktunarhæfur samkvæmt 16.gr samþykktar ÍTF.

5. Ársreikningur 2024 og fjárhagsáætlun ársins 2025

Jónas Gestur Jónasson endurskoðandi ÍTF fór yfir ársreikning ÍTF fyrir árið 2024 og gerði grein fyrir tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Bæði ársreikningur og fjárhagsáætlun má sjá á heimasíðu ÍTF.

Að lokinni yfirferð á ársreikningi og tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 var orðið gefið laust en enginn tók til máls. Að loknum umræðum var ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóð. Því næst var tillaga að fjárhagsáætlun 2025 borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum ÍTF

Engar tillögur bárust fyrir aðalfund.

7. Ákvörðun félagsgjalds ÍTF

Tillaga að félagsgjaldi kemur fram í fjárhagsáætlun og er gjaldið óbreytt eða kr. 100.000 á hvert lið og er það samþykkt samhljóða.

8. Kosningar

Sjálfkjörið var í embætti stjórnar þar sem ekki bárust önnur framboð en þau sem þurfti til að kjósa stjórn og eru eftirfarandi aðilar því réttilega kosnir:

Formaður: *Heimir Fannar Gunnlaugsson (ÍA)*

Varaformaður: *Ólafur Hrafn Ólafsson (Breiðablik)*

Ritari: *Guðbjörg Fanndal Torfadóttir (Afturelding)*

Stjórnarsæti: *Heimir Gunnlaugsson (Vikingur)*

9. Kosning endurskoðanda og skoðunarmanna reikninga

Fram kom tillaga um Jónas Gest Jónasson sem endurskoðanda ÍTF og Guðrúnu Ingu Sívertsen og Eymund Einarsson sem skoðunarmenn reikninga. Tillagan samþykkt samhljóða.

10. Fundargerð aðalfundar

Fundarstjóri lagði til að fundarritari gengi frá ritun fundargerðar og hún yrði send fulltrúum eins fljótt og auðið er og var sú tillaga samþykkt

11. Önnur mál:

- a. Nýr formaður Heimir Fannar Gunnlaugsson fær orðið og þakkar traustið. Hann kallar Orra Hlöðversson og Jón Rúnar Halldórsson til sín, heldur stutta tölu um þeirra feril og afhendir þeim blóm og gjafir frá ÍTF. Þeim er þakkað fyrir sitt framlag til íslenskrar knattspyrnu og fengu þeir lófaklapp frá félögunum.
- b. Jón Rúnar óskaði eftir því að taka til máls. Hvatti hann félögin til þess að varðveita hlutverk ÍTF. Einnig fjallaði Jón Rúnar um skattamál íþróttahreyfingarinnar sem hafa verið í umræðunni á síðastliðnum mánuðum. Mikilvægt að þau láti sig þessi mál varða og taki frumkvæði í umræðinni.
- c. Flutningur afreksleikmanna – Tillaga til ársþings KSÍ 2024. Birgir framkvæmastjóri ÍTF fer yfir stöðu mála varðandi flutning afreksmanna sem er tillaga á ársþingi. Miklar og góðar umræður myndast um málið og það rætt í þaula. Stjórn ÍTF veitt umboð til að halda áfram með málið til að reyna að finna lausnir til þess að þetta verði að veruleika.
- d. Birgir fer létt yfir tillögu Vestra um fjölgun erlendra leikmanna úr 3 í 5 sem verður lögð fyrir ársþing KSÍ og óskar Samúel formaður knattspyrnudeildar Vestra eftir stuðningi við tillöguna.
- e. Birgir kynnir tillögu Vals um fjölgun varamanna úr 7 í 9 á leikskýrslu. Góðar umræður um málið og skýrt tekið fram að 2 af 9 leikmönnum þurfi að vera U19 leikmenn jafnvel þó U19 leikmenn séu í byrjunarliðinu. Einnig aðeins rætt hvort og hver refsingin ætti að vera ef menn færu ekki eftir þessu.
- f. Lengjudeild karla – framleiðslumál
Birgir fer ítarlega yfir hvernig málin standa í markaðs- og sjónvarpsmálum Lengjudeildarinnar. Verkefnið hefur verið krefandi en á réttri leið. Mikill árangur hefur náðst þó að nóg er eftir. Tekjur Lengjudeildar frá 2022 til 2026 verða í kringum 160 m.kr, þá er er eftir að greiða fyrir framleiðslukostnað en hann hefur lækkað á undanförunum árum og mun

lækka á komandi árum með innleiðingu nýrra tæknilausna. Félögin eru hvött til þess að styðja framleiðsluna á komandi tímabili en fyrir liggur áhugi aðila á sjónvarpsréttindum deildarinnar fyrir 2025. Félögin þurfa að koma meira að framleiðslunni. Birgi falið að vinna málið áfram félögum í Lengjudeildinni.

- g. Birgir kynnir breytingar þær sem eru að verða á kostnaðarliðum félaganna með verðskrá hækkun frá KSÍ. Félögin ræddu breyttar áherslur KSÍ gagnvart félögunum.

Að því loknu slítur Stefán Geir fundarstjóri fundi kl 19.10, þakkaði hann fundargestum og starfsmönnum fyrir góðan fund.